

Ed.

680. Nefndarálit

[189. mál]

um frv. til laga um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í einkaeign.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkissjóður bjóðist til að kaupa hlutabréf einkaaðilanna, sem á sínum tíma gerðust hluthafar í rekstrarfélagi áburðarverksmiðjunnar, en ætlun þess félags var að ná undir sig áburðarverksmiðjunni í Gufunesi, sem ríkið hafði þó lagt til fjármagnið í og raunar stóran hluta af fjármagni rekstrarfélagsins líka. Ríkissjóður á skv. frumvarpinu að bjóða upp á innlausn hlutabréfanna á 5-földu nafnverði.

Miðað við allar aðstæður væri þetta höfðinglegt tilboð og mjög á annan veg en tíðkast í hliðstæðum tilfellum. Aðrir aðilar, sem reynt hafa að ná til sín eignum, sem þeir ekki áttu, en mistekizt að gera sér mat úr krásinni, hljóta oft refsingu fyrir tiltækið. Þess eru þó dæmi, að þeim séu gefnar upp sakir. En að sá aðilinn, sem fyrir rántilrauninni varð, gjaldi hinum út kostnaðinn við tilraunina fimmfaldan, mun vera áður óþekkt rausn, sem illa hæfir hinum aðþrengda ríkissjóði.

Ef lítið er yfir það, hver spor vörudreifing Áburðarverksmiðjunnar h/f virðist skilja eftir sig í þeirri atvinnugreininni, sem hún átti að þjóna, blasa þessar staðreyndir við:

Á því ári, sem áburðarverksmiðjan hóf framleiðslu, 1954, var töðufengur af íslenskum túnnum um 44 hestburðir á hektara. Áburðarnotkunin á hverja einingu var þá miklum mun minni en síðar varð, því að ljóst er, að með tilkomu verk-smiðjunnar fór notkunin stórvaxandi. Töðufengurinn fór líka vaxandi fyrstu árin, sem Kjarninn, en svo nefnist aðalframleiðslutegund verksmiðjunnar, var notaður, og árið 1957 náði hann hámarki og var þá tæpir 47 hestburðir á hektara, en síðar fór hann minnkandi. Nú er töðufengurinn kominn niður í um það bil 34 hestburði á hektarann. Með öðrum orðum: Eftir 15 ára tímabil áburðarverksmiðjunnar hefur töðufall á hvern tún-hektara minnkað um nálægt 10 hestburði og er nú minna en það var um aldamótin.

Söluverð eins hestburðar af töðu er nú um 350 kr. Afrakstur hvers hektara er því 3500 kr. minni nú en við tilkomu áburðarverksmiðjunnar, þrátt fyrir verulega aukna áburðarnotkun.

Samanlögð túnastærð á öllu landinu er nú talin rúmlega 100 þús. hektarar, svo að afraksturs-samdrátturinn, sem orðinn er á starfstíma nefndrar verksmiðju, nemur um 350 milljónum króna á ári.

Þetta veldur auðvitað hvoru tveggja í senn, verri afkomu bændastéttarinnar og aukinni dýrtíð í landinu.

Hér skal auðvitað ekkert fullyrt um orsakir þessa framleiðslutaps, en furðulegan sljóleika þarf til að láta sér ekki detta í hug, að eitthvert samhengi sé milli áburðar og afraksturs í túnræktinni.

Minni hluti landbúnaðarnefndar lítur svo á, að í áburðarmálum sé það nærtækasta verkefnið að gefa bændum kost á að kaupa sér annan áburð á tún sín en þann, sem svo er þrautreyndur sem Kjarninn að því að skila ekki viðunandi árangri, en þar á móti fer nú Áburðarverksmiðjan h/f með áburðareinokun í landinu.

Það er því aðaltillaga minni hluta landbúnaðarnefndar, að innflutningur á áburði verði gefinn frjáls, svo að úr því fáið skorið, hvort hefyndurinn héldi áfram að minnka á hverja túneiningu, eftir að bændur ættu fleiri kosta vól en að verzla við Áburðarverksmiðjuna h/f, og því fyrirtæki gefist kostur á að sanna ágæti sitt án þess að hafa til þess einokunaraðstöðu.

En með því að umsköpun áburðarframleiðslunnar innanlands virðist óhjákvæmileg og einkaeigendur hlutabréfa í Áburðarverksmiðjunni h/f eru einna ólíklegustu aðilar til að koma framleiðslunni í viðunandi horf, þá getur minni hluti landbúnaðarnefndar fallizt á, að þeir verði leystir út úr áburðarframleiðslunni og goldið nafnverð fyrir hlutabréf sín.

Minni hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin bæti úr því ófremdarástandi, sem skapazt hefur með einkaleyfi Áburðarverksmiðjunnar h/f til áburðarsölu, með því að gefa innflutning á áburði frjálsan um skeið til reynslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Til vara leggur minni hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „fimmföldu nafnverði“ komi: nafnverði.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Karl Guðjónsson.